



Verkefni Bláa hersins undanfarin 5 ár.

Reykjanesbær RFG

Blái herinn
25 ára

Mótt	22.10.2024
Lykill	00.06
Málsnr.	2024100389
Ábrn.	RFG

Bæjarráð Reykjanesbæjar.

Styrktarumsókn. Kr. 1.500.000.

Undanfarin 5 ár (2019-2024) hefur verið unnið markvisst að því að Reykjanesið, bæði standlengjan og opin svæði sem og yfirráðasvæði fyrirtækja innan Keflavíkurflugvallar (Isavia og LHG) fái yfirgripsmikla hreinsun og að svæðin séu okkur mælikvarði um samfélagslega ábyrgð og örugg bæði fyrir flugumferð sem og fyrir sæfarendur. Ekki þarf að deila um það hversu mikils virði það er að eiga hreinna umhverfi og að komandi kynslóðir fái tækifæri til að taka þátt í því að eignast hreinna umhverfi.

Yfir 3.000 manns hafa komið í verkefni okkar síðast liðin 5 ár, allt frá leikskólabörnum og upp allan stigann úr samfélaginu okkar sem og erlendir sjálfbóðaliðar, erlendir skólahópar, hermenn NATO , starfsfólk sendiráða, Forsetinn okkar fyrrverandi, ráðherrar og fleiri.. Þessar hjálparhendur hafa hreinsað yfir 130 tonn af rusli úr umhverfinu okkar aðallega af Reykjanesinu okkar. Vel yfir 10 þúsund vinnustundir frá sjálfbóðaliðum okkar.

Undanfarin ár unnum við með SSS og Reykjanes Geopark samkvæmt samningi um að einbeita okkur að þeim svæðum sem voru sérlega óhrein af fjörurusli sem og svæðum í kringum vinsæla ferðamannastaði. Ferðamannastaðirnir sem um ræðir eru eftirtaldir en ekki endilega tæmandi, Reykjanestáin, Sandvíkurnar, Brimketilsvæðið, Hópsnesið, Garðskagafjaran, Fitjar, Gálgaklettasvæðið, Friðlandið Ósabatnar, Brúin yfir flekaskilin og mörg fleiri svæði.

Allar stofnleiðir á Reykjaneskaganum hafa fengið hreinsanir, bæði meðfram þjóðbrautum sem og aðrir fáfarnari vegir. Samtakamáttur sveitarfélaganna sem byggjum Reykjanesið kemur best fram þegar viðburðir eins og Plokkdagurinn er ræstur út með látum, það má alltaf bæta þann viðburð sem og Alþjóðlega hreinsunardaginn (Blái herinn umsjónaraðili) sem í dag er á viðburðardagatali Sameinuðu þjóðanna þann 20 september .

Fyrir nokkrum árum síðan óskaði Blái herinn eftir styrk frá sveitarfélögum til sinnar starfsemi svo að verkefni gætu gengið sem allra best. Eingöngu Suðurnesjabær hefur stutt okkur síðastliðin ár, Grindavíkurbær gerði það í tvö ár(höfum ekkert reynt undanfarin ár). Í erindi til allra bæjarstjóranna um árið sögðust þeir ætla að skoða málið á næsta ári sem hefði þá átt að vera í fyrra.

Núna er ný lokið við að hreinsa strandlengjuna frá flekaskilunum norðan Sandvíkur og að Hafnaberginu, 3-4 km. Á svæðinu eru núna 13 sekkir stútfullir af fjörurusli og núna erum við að ræða það við Hverfisvini og LHG hvernig við ferjum þá af svæðinu, hægt er að gera það með þylusveit LHG eða ferja þá með tækjum Bláa hersins (fjór hjól og kerra) og þangað sem hægt er að hífa þá á vörubíl með krana. Reykjanesið er Jarðvangur og okkur ber siðferðileg skylda að ganga um hann af virðingu og með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Meðfylgjandi mynd er af hreinsuðum svæðum okkar af vef stjórnvalda www.strandhreinsun.is auk nýlegra hreinsana í Vogum.

Með vinsemd og virðingu

Tómas J. Knútsson

ADPIR


Ný HEINSAD



YFIR 80 SVÆÐIÁ

REYKJANESI + 5km í SELVOG

2019 - 2024







GET AWARE
Protecting Our Ocean Planet -
One Dive at a Time
www.projectaware.org

**WORLD
CLEANUP**

HREINSUM ISLAND
Gerum þetta saman!
#hreinsumisland vs #hreinsumisland #hreinsu1







UNIVERSITAS VERDIAN
Pusat Studi dan Riset
di Paksi, 2014
Bisa Terjangkau & Berkualitas
- Produk Berkualitas
- Harga Berkualitas
- Layanan Berkualitas
- Pelayanan Berkualitas



ICELANDAIR

ICELANDAIR

HREINSUM ÍSLAND
Gerum þetta saman!
hreinsumísland.is #hreinsumísland